Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins við áætlunargerð hlutaðeigandi ráðuneyta felst í að samræma form og undirbúa samninga við ráðgjafa og aðra þá sem að áætlunargerðinni vinna.

Framkvæmdasýsla ríkisins stýrir verklegri framkvæmd og ber á henni ábyrgð. Hún undirbýr útboð, gerir samanburð á tilboðum, gerir tillögur um val á verktaka og annast samningsgerð við þann verktaka sem fyrir valinu verður. Stofnunin ber ábyrgð á að verkleg framkvæmd sé unnin á grundvelli samninga við verktaka og í samræmi við áætlanir. Framkvæmdasýsla ríkisins ber ábyrgð á framkvæmdaeftirliti á verktímanum og undirbýr og undirritar samninga við eftirlitsaðila ef hún felur öðrum eftirlit með verkinu.

Við upphaf verklegrar framkvæmdar skal gerður skriflegur samningur milli Framkvæmdasýslu ríkisins og hlutaðeigandi ráðuneytis þar sem nánar verði kveðið á um skipulag, samskipti og skyldur samningsaðila.

Framkvæmdasýsla ríkisins skal upplýsa viðkomandi ráðuneyti reglulega um framvindu verks og fjárhagslega stöðu. Stefni í röskun á kostnaðaráætlun eða verkframvindu sem kallar á endurskoðun áætlunar skal stofnunin þegar í stað upplýsa hlutaðeigandi ráðuneyti með formlegum hætti.

Skorti fullnægjandi heimildir er Framkvæmdasýslu ríkisins óheimilt að hefja verklega framkvæmd eða halda áfram framkvæmdum þar sem farið hefur verið út fyrir ramma áætlunar.

IV. KAFLI

**Gildistaka.**

12. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 23. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 21. september 2001.*

**Geir H. Haarde.**

*Baldur Guðlaugsson.*

Nr. 716 21. september 2001

# STARFSREGLUR

## samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir.

1. gr.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberra framkvæmda á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð sem er undanfari verklegrar framkvæmdar. Nefndin fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberra framkvæmda.

2. gr.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn: formaður fjárlaganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins og ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

3. gr.

Fjármálaráðuneytið sér nefndinni fyrir fundar- og skrifstofuaðstöðu og ber kostnað af starfi hennar. Ráðuneytið annast móttöku og varðveislu gagna fyrir nefndina. Jafnframt leggur ráðuneytið nefndinni til ritara sem undirbýr mál fyrir hana, aðstoðar við gagnaöflun hennar og ritar fundargerðir.

4. gr.

Nefndin fundar svo oft sem þörf er á og mál liggja fyrir. Formaður nefndarinnar tekur ákvörðun um hvenær boðað er til fundar. Allir nefndarmenn taka þátt í afgreiðslu hvers máls og ræður afl atkvæða niðurstöðu nefndarinnar. Sitji tveir nefndarmenn fund telst álit þeirra fullnægjandi enda sé það samhljóða.

Álit nefndarinnar í hverju máli skal bókað í fundargerð ásamt stuttorðri lýsingu málavaxta. Fundargerðir skulu afhentar fjármálaráðuneyti sem sér um varðveislu þeirra.

5. gr.

Hlutaðeigandi ráðuneyti hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum þar sem fjallað er um mál sem eru innan verksviðs þeirra. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags á fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar nema sveitarfélag óski sjálft að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

6. gr.

Í ráðgjöf sinni til fjármálaráðuneytis leggur nefndin mat á eftirfarandi:

1. Hvort frumathugun og áætlunargerð uppfylli þau skilyrði sem þeim eru sett.
2. Hvort fullnægjandi fjárheimildir séu fyrir hendi til að hefja verklega framkvæmd.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur leitað umsagnar Framkvæmdasýslu ríkisins um tæknileg atriði varðandi frumathugun eða áætlunargerð.

Nefndin upplýsir fjármálaráðuneyti að öðru leyti um framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberra framkvæmda eftir því sem tilefni gefst til.

7. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt 18. gr. laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 21. september 2001.*

F. h. r.
**Baldur Guðlaugsson.**

*Þórhallur Arason.*